

Tillaga Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Flokk fólksins um að sveitarstjórnarráðuneytinu verði falið að skoða aðgerðir Reykjavíkurborgar í tengslum við kosningabátttöku tiltekinna hópna

Lagt er til að ákvörðunum og athöfnum Reykjavíkurborgar í tengslum við bréfa- og skilaboðasendingar til tiltekinna kjósendahópa í aðdraganda borgarstjórnarkosninga árið 2018 verði vísað til sveitarstjórnarráðuneytisins til frekari skoðunar.

Greinargerð:

Ákvörðun Persónuverndar er áfellsdómur yfir þeim aðgerðum sem Reykjavíkurborg stóð að til að auka kosningabátttöku.

Sjálfstæðisflokkur telur sjálfsagt að styðja frjáls félagasamtök til almennra aðgerða sem miða að aukinni kosningabátttöku, og samþykkti að leggja drög að slíkum aðgerðum, þó með fyrirvara um lokaútfærslu.

Þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokks höfðu fengið upplýsingar um fyrirhugaða útfærslu verkefnisins í apríl 2018, töldu þeir auðsýnt að útfærslan væri varasöm og aðkomu meirihluta borgarstjórnar, sem pólitískt kjörins stjórnvalds, óeðlilega. Töldu fulltrúarnir því nauðsynlegt að afla álits Persónuverndar á aðgerðunum og lögðu til tillögu þess efnis í borgarráði 26. apríl 2018 eða mánuði fyrir kosningar. Þeirri tillögu var frestað.

Vegna alvarleika málsins sáu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sig knúna til að leggja tillöguna fram í borgarstjórn en hún var lögð fram á fundi borgarstjórnar 15. maí 2018. Þar lét borgarstjóri hafa eftir sér að allt málið hafi verið „unnið eftir réttum leiðum og leikreglum“. Það samræmist ekki úrskurði Persónuverndar en verulegar brotalamir voru á upplýsingagjöf til stofnunarinnar varðandi framkvæmdina. Í annan stað sagði borgarstjóri þetta „almenna aðgerð“, sem er einnig rangt. Var um sértæka aðgerð að ræða eins og bent er á í úrskurðinum. Tillaga var afgreidd á fundi borgarstjórnar með þeim hætti að henni var vísað í borgarráð.

Í kjölfar fréttu af fyrrgreindum borgarstjórnarfundi, 15. maí, komst Persónuvernd á snoðir um að Reykjavíkurborg ráðgerði enn fremur að fara í aðgerðir til að auka kosningabátttöku meðal innflytjenda og kvenna yfir áttrætt.

Hinn 17. maí barst Persónuvernd bréf frá Reykjavíkurborg þar sem ekki var vikið að umræddum bréfum, sem til stóð að senda innflytjendum og konum yfir áttrætt.

Í kjölfarið áréttaði Persónuvernd, í bréfi til Reykjavíkurborgar dags. 18 maí, þá ósk sína að stofnuninni yrði send öll gögn er málið varðaði. Sama dag sá Persónuvernd ástæðu til að gera dómsmálaráðuneytinu og umboðsmanni Alþingis viðvart um aðgerðirnar í ljósi þess að um var að ræða vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fór samhliða kosningum. Enda taldi Persónuvernd þá gagnavinnslu einnig geta reynt á ákvæði kosningalöggjafar, eins og fram kemur í bréfi Persónuverndar til umboðsmanns Alþingis og dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðuneytið sá ástæðu til að senda Reykjavíkurborg bréf í kjölfarið þar sem bent var á að ungir kjósendur væru ekki upplýstir um að þeir væru andlag rannsóknar á kosningabátttöku. Þá væri í einu bréfanna að finna villandi upplýsingar um borgaralega skyldu til að kjósa.

Meirihluti borgarstjórnar virti að vettugi athugasemdir opinberra eftirlitsaðila. Alvarlegar athugasemdir dómsmálaráðuneytis og Persónuverndar undirstrika alvarleika málsins, enda gerðist borgin brotleg við lög.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögum og öðrum löglegum förmælum.

Byggt er á heimild í XI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum, sbr. 109., 110. og 112. gr. laganna. Samkvæmt 112. gr. laganna ákveður ráðuneytið n.t.t. sjálft hvort tilefni er til að taka til förmlegrar umfjöllunar stjórnsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess skv. 109. gr. laganna.

Þetta förmkvæðiseftirlit ráðuneytisins er mikilvægur þáttar í eftirliti þess með stjórnsýslu sveitarfélaga. Mælt er til þess að kannað verði hvort ráðuneytið telji tilefni til þess að virkja það vegna förmangreindra atvika.

Tímalína

18. janúar 2018 - Skýrsla starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018 gefin út. (Sjá skýrslu starfshóps: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_starfshops_um_leidir_til_ad_auka_kosningathattoku_i_borgarstjornarkosningum_2018.pdf)

8. febrúar 2018 - Borgarráð samþykki tillögur starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum.

16. apríl 2018 - Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Lagt er til að borgarráð leiti eftir álit Persónuverndar vegna fyrirhugaðra aðgerða Reykjavíkurborgar í því skyni að auka þátttöku ákveðinna hópa í komandi borgarstjórnarkosningum. (Sjá fundargerð borgarráðs: <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5499>)

8. maí 2018 - Póst og fjarskiptastofnun sendir bréf til Reykjavíkurborgar með þessum ákvörðunarorðum: „Umsókn Reykjavíkurborgar, í samstarfi við Háskóla Íslands, um undanþágu frá banni við óumbeðnum fjarskiptum samkvæmt 46. gr. laga um fjarskipti 81/2003 er hafnað.“
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/8.5.2018_akvordun_pfs_nr_7-2018.pdf)

15. maí 2018 - Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Lagt er til að borgarstjórn leiti eftir álit Persónuverndar vegna fyrirhugaðra aðgerða Reykjavíkurborgar í því skyni að auka þátttöku ákveðinna hópa í komandi borgarstjórnarkosningum. Tillaga er ekki samþykkt en henni er vísað til borgarráðs. (Sjá fundargerð borgarstjórnar: <https://reykjavik.is/fundargerd/borgarstjorn-1552018>)

15. maí 2018 – Í kjölfar fréttar RÚV af fyrrgreindum borgarstjórnarfundi, 15. maí, komst Persónuvernd á snöðir um að Reykjavíkurborg ráðgerði enn fremur að fara í aðgerðir til að auka kosningaþátttöku meðal innflytjenda og kvenna yfir áttætt.

17. maí 2018 (a) - Lögð fram að nýju í borgarráði tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna aðgerða Reykjavíkurborgar til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018, sbr. 49. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. apríl 2018 og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 15. maí 2018. Tillagan er ekki samþykkt en gerð er við hana breytingartillaga sem Sjálfstæðisflokkurinn gat ekki stutt. Bókanir borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins færðar í trúnaðarbók fram yfir kosningar. Trúnaði aflétt á borgarráðsfundi 31. maí. (Sjá fundargerð 17. maí: <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5490>)

17 maí 2018 (B) - Borgin sendir Persónuvernd afrit af bréfum til nýrra kjósenda en gat ekki til um þau bréf sem til stóð að senda til innflytjenda og kvenna yfir áttætt. (Sjá bréf borgarinnar til Persónuverndar: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/17.5.2018_svar_til_personuverndar.pdf)

18. maí 2018 (A) - Persónuvernd sendir Reykjavíkurborg enn á ný bréf þar sem fram kemur að upphafleg beiðni 3. maí hafi verið afar villandi. Þá ítrekaði Persónuvernd framkomna ósk um að stofnuninni yrðu send öll gögn sem málið vörðuðu. (Sjá bréf Persónuverndar: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18.5.2018_personuvernd.pdf)

18. maí 2018 (B) Persónuvernd sendir bréf til dómsmálaráðuneytis og umboðsmanns Alþingis vegna fyrirætlaðna borgarinnar, enda taldi Persónuvernd þá gagnavinnslu einnig geta reynt á ákvæða kosningalöggjafar, eins og fram kemur í bréfi Persónuverndar til umboðsmanns Alþingis og dómsmálaráðuneytisins. (Sjá bréf til ráðuneytisins og umboðsmanns með því að skruna niður á bls. 4 í pdf-skjalinu: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18.5.2018_personuvernd.pdf)

22. maí 2018 – Reykjavíkurborg sendir erindi á Persónuvernd þar sem hún tjáir stofnuninni að smáskilaboðin verði ekki send á alla heldur aðeins hluta nýrra kjósenda. Í erindinu er Persónuvernd enn fremur tjáð að viðtakendur skilaboðanna verði ekki upplýstir um að þeir séu þátttakendur í vísindarannsókn þar sem það muni „rýra mjög upplýsingagildi þeirra niðurstaðna sem vonast er til að verði af rannsókninni,“ eins og segir í bréfinu. (Sjá bréf: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/22.5.2018_erindi_til_personuverndar_og_fl._vegna_rannsoknar.pdf)

23. maí 2018 - Dómsmálaráðuneytið sá ástæðu til að senda Reykjavíkurborg bréf í kjölfarið þar sem bent var á að ungir kjósendur væru ekki upplýstir um að þeir væru andlag rannsóknar á kosningaþátttöku. Þá væri í einu bréfanna að finna villandi upplýsingar um borgaralega skyldu til að kjósa. (Sjá bréf: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/22.5.2018_bref_domsmlaraduneytis.pdf)

31. maí 2018 - Trúnaði aflétt af bókunum: Lagður fram að nýju 47. liður fundargerðar borgarráðs frá 17. maí 2018, kynning á aðgerðum Reykjavíkurborgar til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum sem bókað var um í trúnaðarbók borgarráðs. (Sjá fundargerð: <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5505>)

12. júní 2018 - Tilkynning Persónuverndar um frumkvæðisathugun. (Sjá fundargerð: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/12.6.2018personunefnd_frumkvaedisathugun.pdf)

7. febrúar 2019 – Úrskurður Persónuverndar. (Sjá úrskurð Persónuverndar: <https://www.personuvernd.is/urlausnir/akvordun-personuverndar-um-notkun-reykjavikuborgar-og-rannsakenda-vid-haskola-islands-a-personuupplysingum-fra-thjodskra>)